

Fundur 18.9.2023 Bjarni Felixson.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já blessaður, velkominn, velkominn.*

Finnst mér það ótrúlegt að lífið haldi áfram og segja má að ég hafi verið svo undrandi á umskiptunum að ég sé búinn að fá nýtt áhugamál og að það sé að kynna þetta málefni ykkar.

Og var mér sagt að ég ætti að endilega að koma fram á ykkar fundi, þótt ég sé varla tilbúinn til þess, þar sem það myndi efla mig enn þá meira og jafnvel efla ykkur.

Þar sem bönd mín við ykkur eru ekki enn þá rofin og finn ég enn fyrir líkamanum gamla og á sama tíma er ég enn að eflast hér í nýjum líkama og hugur minn er á ferð og flugi og þótt ég hafi verið orku mikill á jörðunni, þá finnst mér ég orku meiri en nokkru sinni fyrr hér í nýjum líkama á nýrri jörð.

*Ný farinn?*

Ha?

*Ert þú ný farinn yfir?*

Já, kem síðar að því vinur.

*Já já.*

Ég verð aðeins að jafna mig.

Ég ætti ekki að vera að tala við ykkur þar sem ég er ný farinn, en þeir eru með mig í tækjum sem hjálpa mér.

Líkami minn er fram kominn, ég lít niður á líkama minn og undrast æfinlega jafn mikið, þar sem ég sé mitt unga andlit og minn unga líkama.

En þeir eru með tæki tengd við mig enn þá, þar sem þeir segja að, það er eins og latína fyrir mig, þeir segja að ég eigi eftir að, ég er mjög orku mikill hér á þessum hnetti, en ég er á sjúkrastofnun enn þá og vildi endilega tala til ykkar, er svo orkumikill, en ég næ ekki tökum á orkunni, ég næ ekki tökum á.

Ég verð að tala við ykkur síðar, þegar ég hef náð tökum á, þegar ég hef alveg náð tökum á líkama mínum, en ég ætla þó að segja hver ég er.

Og ég er miklu orku meiri hér en ég var á jörðunni og ég er orðinn ungur og það er mér undrunarefni.

*Já.*

Ég hélt að það væri auðveldara að tala við ykkur, því ég er svo orku mikill hér á þessari jörð, en þetta er erfiðara en ég hélt.

Ég er svo ný kominn, ég kann þetta ekki.

*Þú nærð tökum á þessu síðar.*

Já.

*Gangi þér vel með það.*

En ég get nú samt sagt til mín, hver ég er, og ætla að segja örfá orð.

Ég er þrjóskur, ég var vanur að ná árangri í íþróttum og ég veit að ég get þetta.

*Ekki ert þú Bjarni Felixson?*

Já ég er hann.

*Já Bjarni gott að heyra í þér.*

Ég er svo orku mikill hér á þessum stað að það er alveg ótrúlegt og,

*Vertu hjartanlega velkominn.*

Þakka þér fyrir, ég sagði nú við ýmsa félaga mína sem hingað voru komnir á undan mér að það þyrfti einhvern eins og mig til að lýsa stóratburðum eins og Fisher og koma honum úr þeim stað sem hann er núna á.

Og finnst mér það mikilvægt að þið fáið sem bestar fréttir frá okkur og ég verð að koma seinna þegar ég verð orðinn öflugri.

*Já endilega.*

En ég er,

*Þú ert rauða ljónið.*

Já, ég ætla að segja örfá orð um umskiptin og verð svo að koma síðar.

*Endilega.*

Ég sendi svo minni fjölskyldu bestu kveðjur, þetta er alveg ótrúleg upplifun, verð að segja það að þetta gerist svo snögg, samdægurs.

*Ert þú ekki búinn að hitta þennan vin þinn sem þú varst að fara að fylgja?*

Jú, jú, verð að koma að því síðar. *Já. Já.*

Ég ætla bara að segja frá því, að ég tek þessu nú bara eins og þetta er, og var nú ekki viss um þetta, en fyrsta sem maður upplifir er erfi, þetta er eins og draumur, það er að segja, þetta gerist svo fljótt, þetta gerist samstundis að kalla má, að blygðast mín nakinn á ókunnum stað og vera leiddur í laug og þá finnst manni þetta vera eins og draumur.

Og eitthvað rámaði mig nú um að hafa heyrt um þetta, þegar ég var yngri en vissi nú ekki deili á þessum kenningum almennilega, en þetta gerist mjög fljótt og ég vil gjarnan segja frá þessu síðar. Ég er enn þá á sjúkrastofnun og þeir töldu að ég gæti náð sambandi, orkan er nú ekki alveg komin en ég er mjög hress og öflugur og sífelld undrunarefni.

Ég á eftir að láta heyra í mér síðar og ég á eftir að koma með góðar tillögur í þessu og hef mikinn áhuga á að hjálpa til í þessu máli.

Það er ótal margt að segja en verð nú að kveðja að sinni, ég þakka öllum Íslendingum hversu vel þeir tóku mér og allan þann kærleika og velvilja sem ég hef mætt í lífinu, ætla endilega að koma síðar, verið þið sæl og bið að heilsa mínu fólki.

Verið þið sælir.

*Vertu sæll, ég þakka þér fyrir og vertu velkominn aftur.*

Já takk fyrir.